



Í gegnum tíðina hafa menn notað ýmsar, misáhrifaríkar leiðir til að afmarka landeignir sínar. Árið 1882 voru fyrst sett lög um landamerki. Ástæðan var sögð sú að tryggja rétt fasteignaeigenda en lögin hafa þó vafalaust komið sér vel við skattlagningu og minnkað áhættu veðhafa til muna. Hvað sem ástæðu lagasetninga líður, kváðu lögin á um gerð landamerkjálýsinga með vísan í örnefni eða önnur kennileiti. Landamerkjunum var þá lýst í orðum og landamörkin lágu á milli þessara merkjapunkta, annaðhvort í beinni línu (staðföst) eða eftir tilteknum ferli í landslaginu, eins og læk, fjallsbrún eða bakka stöðuvatns (orðföst). Þessar lýsingar eru enn varðveittar í handskrifuðum landamerkjabókum sem sýslumaður hvers umdæmis geymir. Þær voru gerðar í samvinnu við landeigendur þess tíma og var skriflegt samþykki eigenda samliggjandi landa skilyrði þinglesningar. Þótt einkennilegt megi virðast, eru þessar handskrifuðu bækur einmitt nýjustu og áreiðanlegustu heimildir um legu landamerkja flestra jarða á Íslandi. Bækurnar hafa nú allar verið skannaðar og gerðar aðgengilegar almenningi á Jarðavef Þjóðskjalasafns Íslands. Gott er að vita að efnisyfirlit er oftast að finna á öftustu síðum bókanna.

Til þess að lesa úr ofangreindum lýsingum þarf staðkunnáttu. Þrátt fyrir nákvæmar lýsingar getur kunnugustu menn greint á um staðsetningu tiltekinna landamerkja. Stóri steinninn í hlíðinni er til dæmis ekki endilega sami steinninn í hugum allra!

Með nútímataekni er auðvelt að hnitsetja nákvæma staðsetningu landamerkja, teikna legu landamarka og reikna út stærð landeigna. Hér má nálgast leiðbeiningar fyrir landeigendur sem hyggja á uppmælingu. Í dag er gerð krafa um slíka uppmælingu, auk framsetningar á korti (mæliblað), þegar nýjar landeignir eru stofnaðar. Þjóðskrá Íslands færir afmörkun allra nýrra landeigna inn í landupplýsingakerfi sitt og hægt en örugglega byggist upp áreiðanleg Landeignaskrá (Cadastre), þar sem réttindi eru ekki aðeins tengd fasteignanúmeri, heldur einnig hnitsettri afmörkun sem kalla má fram á korti um ókomin ár.

Aðeins lítill hluti jarða hefur verið mældur upp með þessum hætti. Því er ekki mikið um að nákvæmar landstærðir jarða liggi fyrir. Hafa ber í huga að landstærð er ekki það sama og stærð ræktaðs lands. Þeim tölum má aldrei rugla saman – slíkt gefur afar skakka mynd af raunveruleikanum.

Þjóðskrá Íslands heldur utan um gagnagrunn sem unninn var fyrir nokkrum árum og kenndur er við Nyttjaland. Þar er að finna línur sem dregnar voru upp með misnákvæmum aðferðum til að afmarka bújarðir, í þeim tilgangi að reikna út gæði jarða með tilliti til gróðurlendis og gera samanburð milli landssvæða. Þrátt fyrir góða og þarfa vinnu eiga þær línur sem dregnar voru ekki endilega stoð í nákvæmum mælingum og þess var ekki gætt að landeigendur beggja vegna marka staðfestu legu þeirra. Um áætluð mörk er því að ræða og hafa gögnin ekkert gildi hvað afmörkun eignarhalds snertir og hafa enga lagalega þýðingu.

Í vefsíðu landeigna má skoða þær landeignir sem þegar hafa hnitsetta afmörkun í landeignaskrá. Einnig er þar að finna sjálfstætt lag með gögnum Nyttjaland frá 2006.

Hafa ber í huga að nauðsynlegt er að skoða þinglýst skjöl (s.s. landskiptagjörðir, stofnskjöl o.fl.) samhliða landamerkjálýsingum og gróflega uppdregnum línunum, þar sem seinni tíma afmarkanir og breytingar á eignarhaldi koma aðeins fram þar. Þinglýst skjöl má nálgast hjá viðkomandi sýslumanni.